

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
324. mál, tekjuskattur og eignarskattur.

Minnisblað

Sendi hér með minnisblað með svari við spurningum nefndarinnar. Vegna tímaskorts er það ekki eins vel unnið og æskilegt hefði verið.

Ég tel sjálfsagt að fella niður 3. málsliðinn. Ennfremur tel ég æskilegt að fresta breytingunni í heild. Ástæðan er sú að með breytingu eins og greinin er orðuð sé ekki betur en að við ættum að gera vinninga úr öllum happdrættum innan EES skattfrjáls m.a. happdrættum sem eru til fjáröflunar fyrir viðkomandi ríki. Ég sé þess engin merki í dönsku og norsku reglunum að þeir veiti vinningum úr erlendum happdrættum skattfrelsi með tilvísun til EU eða EES reglan, sbr. eftirfarandi birtar reglur þeirra. ESB eða EES sjónarmið virðast ekki angra þá. Í dag er erlend mannúðarhappdrætti meðhöndluð eins og innlend skv. verklagsreglum RSK.

Danmörk: Gevinster ved lotteri og væddemål skal med på en ændret forskudsopgørelse og selvangivelsen som personlig indkomst. Undtaget er dog en række gevinster, bl.a. fra Klasselotteriet, dansk tips, oddset og lotto, Landbrugs- og Varelotteriet, gevinstopsparingskonti, danske statspræmieobligationer, dansk kasino og dansk totalisatorspil.

Noregur: 1.5.2 Lotteri- og tippegevinster mv. Gevinster fra følgende spill/treknings er skattefrie:

Spill arrangert av Norsk Tipping AS, f.eks. Lotto, Viking Lotto, Tipping og Odds

Totalisatorspill omfattet av totalisatorspilloven, herunder Rikstoto

Utlodning som omfattes av lotteriloven, bl.a. Quicklotteri og bingospill

Den norske stats premielån

Offentlig tilgjengelige tiltak arrangert av massemedier som fjernsyn, aviser eller andre medier.

Andre tilfeldige gevinster ved innenlandske eller utenlandske spill, konkurranse, lotterier og liknende når verdien av hver enkelt gevinst er 10 000 kr eller mindre)

Ég tel að leysa megí málið með einhverju svona afbrigði. Hins vegar getur ekki verið um eiginlegar verklagsreglur að ræða þar sem sjálfstæði og óhæði skattstjóra og ríkisskattstjóra er grundvallaratriði í löggjöfínni. Hins vegar gæti fjármálaráðherra sett ákvæði í reglugerð sem hann hefur heimild til að setja skv. 119. gr. tekjuskattslaganna. Slík reglugerðarákvæði yrðu frekari túlkun á ákvæðum laganna en gætu eðli máls samkvæmt hvorki falið í sér ákvarðanir um hvað er skattskýlt og hvað er undanþegið né ákvarðanir um það sem ríkisskattstjóra er falið í lögnum svo sem ákvörðun fjárhæðanna. Reglugerðin gæti hins vegar kveðið á um almenna aðferðafræði við setningu reglanna, viðmiðanir o.s.fr. Sú hugmynd að gefa málskotsrétt til yfirskattanefndar er að mínu mati ekki góð ef átt er við að kæra megí reglurnar í heild eða einstök atriði þeirra þangað. Ef slíkt yrði gert og yfirskattanefnd felldi reglurnar úr gildi e.t.v. hálfu öðru ári eftir að þær eru settar kemur upp mjög sérkennileg staða. Hafa þarf í huga að hver og einn gjaldandi hefur rétt til að kæra til yfirskattanefndar ef hann telur að beiting reglnanna gagnvart honum sé ekki rétt t.d. að hann eigi að falla í annan flokk reiknaðs endurgjalds en skattyfirvöld vilja meina eða ekki notið þeirra hlunninda sem honum eru talin til tekna o.s.fr. Þá geta menn fyrir dómstóli látið reyna á réttmæti reglnanna ef þeir kæra þangað. og eru dæmi um það. Í samræmi við framangreint væri hægt að orða 4. gr. og 12. gr. laganna þannig:

4. gr. 3. málslíður 1. mgr. 59. gr. laganna orðist svo:
Ríkisskattstjóri setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald í samræmi við grein þessa og nánari ákvæðum um meginreglur og viðmiðanir í reglugerð sem fjármálaráðherra setur skv. 119. gr.

12. gr. 116. gr. orðist svo: Ríkisskattstjóri skal árlega gefa út reglur um mat á hlunnindum sbr. 7. gr. og öðrum tekjum, frádrætti og eignum sem meta þarf til verðs skv. lögum þessum og nánari ákvæðum um meginreglur og viðmiðanir í reglugerð sem fjármálaráðherra setur skv. 119. gr.

Eðli málsins samkvæmt getur fyrri málsgrein 6. gr. ekki tekið til annarra félaga en hlutafélaga. Til þess að taka á öðrum vandkvæðum svo sem þegar eigandi félags er í einu umdæmi en félagið í öðrum en framtölin tengjast t.d. vegna reiknaðs endurgjalds, mætti bæta við fyrri málsgreinina þessum málslíð: "Þegar sameignarfélag eða einkahlutafélag er að fullu í eigu annars skattaðila eða hann er ráðandi eignaraðili í því getur ríkisskattstjóri vikið frá ákvæðum 1 - 4 mgr. um framtals og skattlagningarstað".

Um skatteftirlit

Mannskapur í sérgreindu skatteftirliti hjá RSK mun hafa verið mestur 1996 en þá voru þar um 12 manns. Frá þeim tíma eða a.m.k. frá 1998 hafa fjárheimildir RSK lækkað að raungildi ár frá ári og er nú 8 - 10% % lægri en þær voru þá þrátt fyrir aukin verkefni (bifreiðagjald, fjármagnstekjuskatt, fyrirgramgr. vaxtabóta, eftirlit með lífeyrissjóðum o.fl.)

RSK er ekki kunnugt um að nein áform séu uppi um aukið fé eða mannskap til skatteftirlits. Verði skatteftirlit á landsbyggðinni byggt upp með því að flytja fjármuni frá RSK leggst allt skatteftirlit þess niður. RSK hefur haft skatteftirlit með höndum allt frá 1964 og við flutning skatteftirlits af landsbyggðinni til RSK 1996 voru þar 5 - 7 starfsmenn við skatteftirlit.

Skatteftirlit er nú að einhverju leyti (1 eða 2 starfsmenn) á Akranesi og var fjárveiting vegna 1 starfsmanns flutt frá RSK fyrir fáum árum. Sérgreint skatteftirlit hefur að öðru leyti verið í höndum RSK en að sjálfsögðu er mikið skatteftirlit unnið á skattstofunum i tengslum við álagningu skatta svo og allt samtímaeftirlit með virðisaukaskatti.

RSK hefur engar fregnir haft af hugsanlegri framkvæmd í samræmi við breytingu á 8. gr. en hefur bent á að slík breyting þarf langan aðdraganda bæði vegna uppsagna starfsmanna hjá RSK og ráðninga og þjálfunar starfsmanna á skattstofunum. Ekki er að sjá að í fjárlögum sé gert ráð fyrir fé vegna þess kostnaðar á næsta ári.

Hugsanlegt er að unnt sé að gera þetta í reglugerð en líklega væri best að binda það í lögum. Hreinlegast er að gera þetta með þeim hætti sem gert hefur verið á Norðurlöndunum þ.e. að álagning og eftirlit sé

á einum og sama stað. Eftirfarandi hugmynd er sótt í dönsku lögin sjá eftirfarandi.

Við 101 gr. bætist ný mgr er verði 2. mgr. svohljóðandi:
Ríkisskattstjóri annast skattlagningu og eftirlit með þeim skattaðilum sem hann ákveður að skili til hans framtölum sbr. 3. mgr. 90. gr.

Við 90. gr. bætist ný mgr. er verði 3. mgr. svohljóðandi:
Ríkisskattstjóri getur árlega ákveðið að höfðu samráði við skattstjóra að tilteknir lögaðilar, aðrir en dánarbú, svo sem stórfyrirtæki, félög með eignatengsl milli landa eða skattumdæma svo og aðrir skattaðilar, sem skattstjórar tilnefna skuli skila framtölum til ríkisskattstjóra og vera skattlagðir af honum.

ToldSkat Selskabsrevisionen § 3. Under direktøren for Told- og Skattestyrelsen oprettes ToldSkat Selskabsrevisionen, der skatteansætter de juridiske personer, som direktøren for Told- og Skattestyrelsen overfører til skatteansættelse ved denne myndighed, jf. § 29.

Ligning i ToldSkat Selskabsrevisionen § 29. Direktøren for Told- og Skattestyrelsen kan bestemme, at nærmere angivne juridiske personer, bortset fra dødsboer, skal skatteansættes af ToldSkat Selskabsrevisionen, jf. § 3.

Í umsögn minni er ég að vekja athygli á því að þegar verðbólgu-reikningsskilin voru afnumin var ekki hreyft við ákvæðum um gjald- eða tekjufærslu á gengismun eða verðbótum, sem geta haft meiri áhrif á skattalega rekstrarafkomu, yfirfæranlegt tap o.fl. en áður. Ég hef ekki kafað nægilega djúpt í málið til að leggja mat á þetta í smáatriðum en sýnist þörf vera á því að skoða þetta nánar. Ég veit ekki hvort þörf er á lagaákvæði til að endurskoðun fari fram en sé það sett í lög mætti e.t.v. orða það svo: Fjármálaráðherra skal láta endurskoða ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt um tekju- og gjaldfærslu vegna gengisbreytinga og verðlagsbreytinga lána með það að markmiði að skattstofn tekjuskatts fyrirtækja gefi sem gleggsta mynd af raunverulegum hagnaði fyrirtækja. Endurskoðuninni skal lokið svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en svo að ákvæði breyttra laga gætu tekið gildi við álagningu tekjuskatts 2004 á tekjur ársins 2003.